

Þróunarsjóður grunnskóla
Lýsing á þróunarverkefnum
1997 - 1998

Menntamálaráðuneytið
1999

**Lýsing á þróunarverkefnum sem
þróunarsjóður grunnskóla styrkti
1997 - 1998**

*Tekið saman af grunnskóladeild
menntamálaráðuneytisins með hliðsjón af
skýrslum um þróunarverkefnin og öðrum
gögnum sem styrkþegar hafa sent til
ráðuneytisins*

*Menntamálaráðuneytið
Apríl 1999*

Menntamálaráðuneytið : Skýrslur og álitsgerðir 10

Apríl 1999

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 560 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: www.mrn.stjr.is

Umbrot og

textavinnsla: menntamálaráðuneytið

Hönnun kápu: XYZETA ehf.
Mynd á forsíðu Guðmundur Páll Ólafsson
úr bókinni *Ströndin*, Mál og menning 1995

Prentun: Svansprent ehf.

© 1999 Menntamálaráðuneytið

ISBN 9979-882-23-9

Efnisyfirlit

| | |
|--|-----------|
| Inngangur..... | 5 |
| Styrkveitingar úr Þróunarsjóði grunnskóla 1997 – 1998..... | 5 |
| Yfirlit yfir fjölda og upphæðir styrkveitinga úr Þróunarsjóði grunnskóla 1989 – 1996 | 6 |
| Styrkveitingar 1997-1998 | 7 |
| Mýrarhúsaskóli og Valhúsaskóli | 8 |
| Sjálfsmat – mat á skólastarfi | |
| Þróunarfélag Vestmannaeyja - Barnaskóli Vestmannaeyja, Hamarsskóli og Háskóli Íslands í Vestmannaeyjum..... | 9 |
| Upplýsingatækni í náttúrufræðikennslu | |
| Grunnskólinn á Hólmavík..... | 10 |
| MASK – mat á skólastarfi í Grunnskólanum á Hólmavík | |
| Barnasmiðjan ehf..... | 11 |
| Kennsluverkefni með tæknikubbum, LEGO Dacta í eðlisfræðikennslu á yngsta stigi grunnskóla | |
| Skólaskrifstofa Skagafjarðar og grunnskólar í Skagafirði..... | 12 |
| Námsumhverfi og samskipti. Samstarf milli skóla um þróun kennslu- og námsefnis í náttúrufræði og stærðfræði | |
| Kennaraháskóli Íslands | 13 |
| Náttúrufræðikennsla í 1.-3. bekk | |
| Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar..... | 14 |
| Stærðfræðiátak í grunnskólum Hafnarfjarðar | |
| Samlíf - samtök líffræðikennara | 15 |
| Safnverkefni fyrir „Líf í fersku vatni“ | |
| Smáraskóli í Kópavogi..... | 16 |
| Gerð gæðakerfis fyrir Smáraskóla – GÆSKA | |
| Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri..... | 17 |
| Góður Skóli – GKS: Skólarynir | |
| Grunnskólinn í Skútustaðahreppi | 19 |
| AGN - Aukin gæði náms | |
| Grunnskóli Siglufjarðar | 20 |
| AGN – Aukin gæði náms | |
| Brekkubæjarskóli og Grundaskóli Akranesi | 21 |
| Gerum góðan skóla betri | |
| Dalvíkurskóli | 22 |
| AGN – Aukin gæði náms | |
| Kennaraháskóli Íslands | 23 |
| Stærðfræðinám á tímamótum | |
| Hrafngilsskóli, Oddeyrarskóli og Laugarbakkaskóli | 24 |
| Þróun og aðhæfing tækja til sjálfsmats skóla | |

Inngangur

Þetta er níundi yfirlitsbæklingurinn frá menntamálaráðuneytinu yfir verkefni sem Próunarsjóður grunnskóla hefur styrkt.

Próunarsjóður grunnskóla var stofnaður 1989. Sérstakar reglur gilda um úthlutun úr sjóðnum og sér ráðgjafarnefnd um að meta umsóknir og gera tillögur til menntamálaráðherra um styrkveitingar. Reglur þær sem starfað hefur verið eftir hafa verið í gildi lítt breyttar frá árinu 1989. Árlega eru styrkt á vegum Próunarsjóðs grunnskóla milli 20 - 30 þróunarverkefni. Sjóðurinn hefur styrkt samtals rúmlega 200 þróunarverkefni frá upphafi og þannig stuðlað að margháttuðu þróunarstarfi í grunnskólum eða í þágu grunnskóla á undanförnum árum.

Ráðgjafarnefnd Próunarsjóðs grunnskóla er skipuð til tveggja ára. Árið 1997 voru eftirfarandi aðilar skipaðir í nefndina:

| | |
|-------------------------------|---------------------------|
| Hrólfur Kjartansson, formaður | Menntamálaráðuneytinu |
| Stella Guðmundsdóttir | Skólastjórafélagi Íslands |
| Agnar Kristinsson | Kennarasambandi Íslands |
| Ólafur H. Jóhannson | Kennaraháskóla Íslands |
| Stefán Jónsson | Háskólanum á Akureyri |

Styrkveitingar úr Próunarsjóði grunnskóla 1997 – 1998.

Skólaárið 1997 – 1998 bárust 55 umsóknir um styrki til verkefna sem falla undir skilgreiningu í 2. grein í reglum um sjóðinn. Samanlöggð upphæð umsókna var um 50 milljónir króna þ.e. um fimmfalt ráðstöfunarfé sjóðsins. Til ráðstöfunar voru um 9 milljónir króna fyrir skólaárið 1997 – 1998. Styrkir

Peir sem hafa áhuga á að kynna sér einstök verkefni betur geta snúið sér beint til viðkomandi styrkþega eða til grunnskóladeildar menntamálaráðuneytisins þar sem lokaskýrslur liggja fyrir. Í lýsingum á einstökum verkefnum er einnig vísað á veffang þar sem slíkt er fyrir hendi.

voru veittir til 18 verkefna, sem samtals 20 skólar eða aðilar stóðu að.

Yfirlit yfir fjölda og upphæðir styrkveitinga úr Þróunarsjóði grunnskóla 1989 – 1996

| | 1989 | 1990 | 1991 | 1992 | 1993 | 1994 | 1995 | 1996 | 1997 |
|-----------------------------------|------|------|------|------|------|------|-------|------|-------|
| Heildar styrkveit. | 4,2 | 9,0 | 9,6 | 8,0 | 8,6 | 8,2 | 8,0 | 8,3 | 9,0 |
| Upphæð umsókna samtals | 9 | 27 | 54 | 28 | 27 | 40,5 | 33,3 | 33,9 | 50 |
| Fjöldi umsókna, verkefni | 24 | 57 | 107 | 47 | 47 | 62 | 44 | 51 | 55 |
| Fjöldi skóla | 21 | 55 | 90 | 47 | 41 | 58 | 54 | 49 | 24 |
| Fjöldi styrktra verkefna | 16 | *26 | **24 | 20 | 24 | **28 | ***20 | **24 | ***18 |
| Fjöldi skóla sem fékk styrk | 14 | 27 | 36 | 30 | 21 | 33 | 30 | 29 | 18 |

Upphæðir eru í milljónum króna.

* Þrjú þessara verkefna félru niður ** Eitt þessara verkefna félru niður *** Tvö félru niður.

Af fjölda umsókna að dæma er ljóst að þörf er fyrir sjóð af þessu tagi. Flestar umsóknir voru um 1991. Um 1992 og 1993 fækkar umsóknum nokkuð en fjölgar aftur 1994 og eru um 50 árlega síðan. Auk þróunarsjóðs grunnskóla eiga kennarar kost á því að sækja víðar um styrki til þróunarstarfa. Má í því sambandi nefna Verkefna- og námsstyrkjasjóð Kennarasambands Íslands og þróunarsjóði einstakra sveitarfélaga, sem í auknum mæli hafa veitt fjármagn til þróunarstarfa á undanfönum árum, einkum eftir flutning á rekstri grunnskólans til sveitarfélaga árið 1996.

Í reglum um Þróunarsjóð grunnskóla er kveðið á um árlega útgáfu yfirlitsskýrslu um þau verkefni sem hafa verið styrkt. Í þessu riti er að finna yfirlitsskýrslur yfir þau verkefni sem hlutu styrkt 1997 – 98. Markmið með útgáfu árlegrar yfirlitsskýrslu eða kynningarrits er að koma á framfæri vitneskju um þær umbætur og tilraunir sem Þróunarsjóður grunnskóla leggur lið og auðvelda þeim sem áhuga hafa að afla sér nánari upplýsinga og nýta sér hugmyndir, gögn og reynslu sem styrkþegar hafa aflað sér.

Samkvæmt reglum sjóðsins eiga styrkþegar að skila skýrslum til Þróunarsjóðs grunnskóla í menntamálaráðuneytinu. Áfangaskýrslu skal skilað þegar skilgreindum áfanga þess lýkur og lokaskýrslu í lok verkefnis. Styrkur fæst ekki að fullu greiddur nema fyrir liggi fullnægjandi skýrsla um verkefnið. Jafnframt er ætlast til að styrkþegar skili samantekt um verkefnið til ráðuneytisins, einkum til birtingar í kynningarriti um verkefni hvers árs.

Hægt er að nálgast allar skýrslur í grunnskóladeild menntamála-ráðuneytisins. Skýrslur er einnig hægt að nálgast í viðkomandi skóla. Not annarra af þeim gögnum sem verða til með styrk frá Þróunarsjóði grunnskóla eru á valdi styrkþega en þeir eiga höfundarrétt á gögnunum.

Styrkveitingar 1997-1998

Skólaárið 1997 - 1998 var í níunda sinn úthlutað úr Próunarsjóði grunnskóla. Auglýst var sérstaklega eftir verkefnum á svíði sjálfsmats skóla - mats á skólastarfi og stærðfræði og náttúrufræði. Um 9 milljónir króna voru til úthlutunar úr sjóðnum. Umsóknir bárust frá 55 grunnskólum og öðrum aðilum til 55 þróunarverkefna. Úthlutunarnefnd Próunarsjóðsins lagði til að 18 verkefni fengju styrk og samþykkti menntamálaráðherra þá tillögu. Tvö þessara verkefna féllu niður.

Eftirfarandi verkefni fengu styrk úr sjóðnum 1997-1998:

Mýrarhúsaskóli og Valhússkóli:

Sjálfsmat - mat á skólastarfi 950.000

Þróunarfélag Vestmannaeyja - Barnaskóli Vestmannaeyja,

Hamarsskóli og Háskólinn í Vestmannaeyjum:

Upplýsingataekni í náttúrufræðikennslu 400.000

Grunnskólinn á Hólmavík:

MASK - mat á skólastarfi í grunnskólanum á Hólmavík 450.000

Barnasmiðjan:

Kennsluverkefni með tæknikubbum,

LEGO Dacta, í eðlisfræðikennslu á yngsta stigi grunnskóla 400.000

Skólastrifstofa Skagafjarðar og grunnskólar í Skagafirði:

Námsumhverfi og samskipti. Samstarf milli skóla um þróun kennslu- og námsefnis í náttúrufræði og stærðfræði 800.000

Kennaraháskóli Íslands:

Náttúrufræðikennsla í 1.-3. bekk 400.000

Skólastrifstofa Hafnarfjarðar:

Stærðfræðiátaska í grunnskólum Hafnarfjarðar 500.000

Samlíf - samtök líffræðikennara:

Safnverkefni fyrir „Líf í fersku vatni“ 100.000

Smáraskóli í Kópavogi:

Gerð gæðakerfis fyrir Smáraskóla - GÆSKA 600.000

Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri:

Góður skóli - GKS: skólarýnir 450.000

Grunnskólinn í Skútustaðahreppi:

AGN - Aukin gæði náms 130.000

Grunnskóli Siglufjarðar:

AGN - Aukin gæði náms 130.000

Brekkubæjarskóli og Grundaskóli Akranesi:

Gerum góða skóla betri 950.000

Dalvíkursskóli:

AGN - Aukin gæði náms 130.000

Kennaraháskóli Íslands:

Stærðfræðinám á tímamótum 400.000

Hrafnagilsskóli, Oddeyrarskóli og Laugabakkaskóli:

Þróun og aðhæfing tækja til sjálfsmats skóla 750.000

Eftirfarandi aðilum var einnig veittur styrkur,
en verkefnin féllu niður af óviðráðanlegum orsökum.

Grunnskólinn á Hellu:

Kennslumiðstöð Suðurlands í eðlis- og efnafræði 950.000

Holtaskóli í Reykjanesbæ:

Skipulag náttúrufræðikennslu í efstu bekkjum grunnskóla 500.000

Mýrarhúsaskóli og Valhúsaskóli

Sjálfsmat – mat á skólastarfi

Umsjón: Regína Höskuldsdóttir og Sigrún Grétarsson

Markmið

- að marka stefnu í mati á eigin störfum

Stutt lýsing

Settar voru verkefnisstjórnir í báðum skólum sem hittust og báru saman bækur sínar. Skoðuð voru göng frá öðrum skólum, bæði hér á landi og erlendis, m.a. frá Skotlandi. Farið var í námsferð til Newcastle þar sem mat á skólastarfi var skoðað sérstaklega. Nokkrir kennara sóttu námskeið á vegum KHÍ um mat á skólastarfi en færri komust að en vildu og því var óskað eftir sérstöku námskeiði fyrir kennara skólanna til þess að undirbúa jarðveginn og stilla saman strengi í væntanlegri vinnum við verkefnið.

Í Valhúsaskóla var ákveðið að á haustdögum skyldu skoðaðir nokkrir afmarkaðir þættir, þ.e. *starf umsjónarkennara, móttaka nýrra nemenda og kennara og mætingarreglur*. Þessari vinnum var haldið áfram og skilaði gæðaráð Valhúsaskóla greinargerð um málið. Í Mýrarhúsaskóla var ákveðið að skrá niður helstu viðburði skólaársins og þær vinnureglur sem hefð væri komin á og gera drög að handbók fyrir kennara.

Ýmislegt varð til þess að verkefnið tafðist og að ekki reyndist unnt að ljúka því á tilsettum tíma. Má þar m.a. nefna skólastjóraskipti í Valhúsaskóla um áramót.

Niðurstöður og mat

Vinnan við þetta þróunarverkefni hefur haft margvísleg áhrif. Samvinna skólanna hefur stóraukist og settir hafa verið á laggirnar starfshópar með fulltrúum beggja skólanna.

Verkefnisstjórnir beggja skóla hafa skilað áfangaskýrslu en verkefninu er ekki lokið.

Þróunarfélag Vestmannaeyja - Barnaskóli Vestmannaeyja, Hamarsskóli og Háskóli Íslands í Vestmannaeyjum

Upplýsingatækni í náttúrufræðikennslu

Umsjón: Bjarki Brynjarsson

Veffang: <http://www.jasonproject.org/>

Markmið

- að gera íslenskum skólabörnum kleift að taka virkan þátt í JASON verkefninu
- að kanna tæknileg og kennslufræðileg atriði sem tengjast þáttöku í JASON
- að kanna möguleika á móttöku beinna útsendinga um gervihnött
- að auka áhuga á þáttöku bæði frá sjónarhorni kennslufræði og tækni

Stutt lýsing

Í verkefninu voru kannaðar forsendur þess að aðlaga og nýta kennslu-
aðferðir og kennslugögn JASON kennslustofnunarinnar í íslenskum grunn-
skólum. Aðferðirnar byggja á þáttöku nemenda í rannsóknarleiðöngrum
vísindamanna þar sem Netið tengir grunnskóla við leiðangrana. Pannig
verða nemendur virkir þáttakendur í raunverulegu vísindastarfi. Kennslu-
gögnin miða að því að nemendur séu vel undir leiðangrana búnir og byggja
að miklu leyti á náttúrufræði og raunvísindum.

Framkvæmd verkefnisins skiptist í two verkþætti. Annar þeirra miðar fyrst
og fremst að könnun kennslufræðilegra forsenda fyrir þáttöku í JASON.
Hinn þátturinn beinist að skoðun tæknilegra atriða sem tengjast tölvu- og
upplýsingatækni. Megin framkvæmd við könnun kennslugagna var í
höndum grunnskólakennara í Vestmannaeyjum en auk þeirra hafa
sérfræðingar frá Háskóla Íslands og á vegum Þróunarfélags Vestmannaeyja
lagt til vinnu og ráðgjöf. Sérfræðingar *Tölvunar hf.* unnu að könnun tæknilegra
forsenda við þáttöku íslenskra grunnskóla í JASON með aðstoð
Þróunarfélags Vestmannaeyja og Háskóla Íslands. Faglegan stuðning veitti
JASON menntastofnunin.

Niðurstöður og mat

Eftir að hafa skoðað tvær námsáætlanir, þ.e. JASON VII OG JASON VIII er
námsefnið talið henta vel íslenska skólakerfinu. Námsefnið er aðgengilegt og
auðvelt að setja sig inn í hvern þátt fyrir sig. Það býður upp á marga
möguleika til samþættingar, s.s. við ensku, sögu, landafræði, stærðfræði,
líffræði, eðlisfræði, efnafræði, margmiðlun og íslensku. Námsefnið hentar
einkum á mið- og unglingsastigi grunnskólans. Kennrarar þurfa að kynna sér
vel uppbyggingu námsefnisins og velja það sem hentar hverju sinni. Hægt
er að fylgjast með beinum útsendingum frá leiðöngrum JASON á Netinu en
ennþá eru myndgæði léleg og lítil mynd á skjá. Bent er á mismunandi leiðir
til úrbóta samkvæmt upplýsingum frá *Tölvun hf.*

Viðhorf kennara, nemenda og foreldra í Vestmannaeyjum, sem kynnst hafa
verkefninu eru sérlega jákvæð.

Grunnskólinn á Hólmavík

MASK – mat á skólastarfi í Grunnskólanum á Hólmavík

Umsjón: Skarphéðinn Jónsson

Veffang: <http://www.mrn.stjr.is> (Mat og úttektir)

Markmið

- að stuðla að auknum gæðum í skólastarfi
- að stuðla að auknum metnaði meðal kennara og foreldra
- að leitast við að sporna við tíðum mannaskiptum meðal kennara við skólann
- að stuðla að auknu foreldrasamstarfi

Stutt lýsing

Í kjölfar slakrar útkomu skólans á samræmdum prófum vorið 1996 var lagt á ráðin með þeim sem láta sig málefni Grunnskólans á Hólmavík skipta um að leita leiða til úrbóta í skólastarfinu. Stofnuð var nefnd um málið og voru niðurstöður hennar á þá leið að unnið yrði einkum með þrjá þætti þ.e. stöðugt starfsmannahald, gæði skólastarfs og foreldrasamstarf. Áður hafði komið til tals að fara í matsverkefni, þ.e. að meta gæði skólastarfsins, en nú var ákveðið að flýta því verkefni. Send var inn umsókn til Rannsóknarstofnunar Kennaraháskóla Íslands (RKHÍ) þess efnis að RKHÍ tæki að sér að sjá um alla framkvæmd í samráði við heimamenn. Skólinn hafði á sama tíma forgöngu um að sækja um styrk til Próunarsjóðs grunnskóla. Af hálfu RKHÍ komu að verkinu dr. Ingvar Sigurgeirsson og Gunnhildur Óskarsdóttir. Verkefnið var tvískipt. Í fyrri hluta voru lagðir spurningalistar fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra og unnið úr þeim hjá RKHÍ. Í síðari hlutanum var hugað að því hvernig hægt væri að nýta niðurstöðurnar í náinni framtíð.

Niðurstöður og mat

Mask verkefninu er formlega lokið hvað snertir fjármögnun og ytri leiðsögn. Nú er það hins vegar skólans að halda áfram og nýta sér þá aðstoð sem fengist hefur til góðra verka. Gefinn var út bæklingur, sem nefnist MASK, yfir 60 leiðir til þess að bæta skólastarfið. Þar er að finna samantekt á ýmsum þáttum til þess að bæta skólastarfið, gera það skemmtilegra og markvissara. Skólinn kom vel út úr matinu sem sýnir að hann nýtur trausts og velvildar í samfélaginu. Þrátt fyrir misjafnt gengi á samræmdum prófum hefur margt áunnist á öðrum sviðum skólastarfsins, s.s. varðandi hegðun og umgengni nemenda.

Mask verkefnið hefur eflt samkennd og sjálfstraust og þjappað fólk saman í að hlúa að því sem vel hefur tekist til í skólastarfinu og að snúa vörn í sókn á öðrum sviðum.

Barnasmiðjan ehf

Kennsluverkefni með tæknikubbum, LEGO Dacta, í eðlisfræðikennslu á yngsta stigi grunnskóla

Umsjón: Elín Ágústsdóttir

Markmið

- að vera tilbúin sumarið 1997 með kennsluleiðbeiningar með kubba-settum sem ætluð eru yngsta stigi grunnskóla
- að halda þriggja daga sumarnámskeið fyrir kennara á grunnskólastigi
- að geta boðið skólum upp á 1-2 klukkustunda kynningu á námsefninu

Stutt lýsing

Fyrir u.þ.b. fjórum árum hóf LEGO fyrirtækið í Danmörku endurútgáfu á námsefni í raunvísindum fyrir grunnskóla, sem hafði verið gefið út fyrir 15 árum fyrir nemendur á miðstigi grunnskóla, þ.e. 5.-7. bekk. Hönnuð voru ný kubbasett, sem mynda ákveðið ferli, fyrir nemendur á aldrinum 8-16 ára. Auk þess voru gefnar út nýjar kennsluleiðbeiningar fyrir kennara fyrir þrautalausnir handa nemendum. Til viðmiðunar var stuðst við námskrá í raunvísindum fyrir grunnskóla í Danmörku. Til þess að gefa kennurum tækifæri til þess að nýta kennsluefnið hér á landi var nauðsynlegt að fara út í þýðingar á kennsluleiðbeiningum með kubbasettum og bjóða styttri eða lengri námskeið. Ákveðið var að hefja fyrst þýðingu á námsefninu sem ætlað er á yngsta stiginu. Kubbasettin eru af fjórum mismunandi gerðum og fylgja kennsluleiðbeiningar með hverju setti. Fyrst er farið í grundvallarlögumál vélfræði en námsefnið miðast við að nemendur fái síðan flóknari viðfangsefni og þrautalausnir, sem þeir leysa ýmist sjálfstætt eða í samvinnu við aðra nemendur, þar sem byggt er á fyrri reynslu og þekkingu.

Niðurstöður og mat

Í lok verkefnisins hafa ferner kennsluleiðbeiningar litið dagsins ljós og fengið góðar viðtökur. Sumarið 1998 voru haldin tvö 24 klukkustunda námskeið fyrir samtals 38 grunnskóla kennara. Í nokkrum skólum hafa verið haldnar kynningar fyrir alla kennara á yngsta stigi. Kynningin hefur staðið í eina klukkustund.

Kennrarar hafa almennt verið ánægðir með kennsluleiðbeiningarnar og námskeiðið. Kennsluleiðbeiningarnar þykja auðveldar í notkun og gera ekki þær kröfur til kennarans að hann hafi sérþekkingu á sviði raunvísinda. Þeir kennrarar sem hafa notað námsefnið telja það höfða mjög vel til nemenda og að hér sé á ferðinni skemmtileg kennsluaðferð á flóknu viðfangsefni.

Skólaskrifstofa Skagafjarðar og grunnskólar í Skagafirði

Námsumhverfi og samskipti. Samstarf milli skóla um þróun kennslu- og námsefnis í náttúrufræði og stærðfræði

Umsjón: Hallfríður Sverrisdóttir, Allyson Macdonald, Óskar Björnsson

Markmið

- að hvetja kennara í Skagafirði til faglegrar hugsunar með auknum samskiptum, nýjum námsmöguleikum og aukinni áherslu á einstaklinginn. Verkefninu var skipt í þrennt og voru sett markmið fyrir hvert svið, þ.e. skagfirska skólanetið, kennslukassa og stöðu einstaklinga í námi

Stutt lýsing

Skólaskrifstofa Skagfirðinga hefur starfað síðan haustið 1996 og hefur m.a. veitt almenna kennsluráðgjöf og rekið kennslumiðstöð. Í Skagafirði eru nú skólar, þar af sjö sem teljast fámennir.

Tilgangur verkefnisins var að hvetja kennara til að auka samskipti með nýja námsmöguleika og öðlast færni í upplýsingatækni. Einstaklingurinn, náttúrufræði- og stærðfræðinám var í brennidepli. Val verkefnanna byggðist á eftirfarandi forsendum:

- notkun upplýsingatækni í skólam með tilvísan í ritið *Í krafti upplýsinga*
- áhuga á námsefnisgerð og þróunarvinnu í náttúrufræði
- þörf fyrir betra aðgengi að áhöldum og tækjum
- aukinni áherslu á einstaklinginn í námi
- stuðningi við skólahald í dreifbýli

Komið hefur í ljós að forsendur fyrir verkefninu voru réttar. Áhersla hefur verið lögð á símenntun til þess að tryggja að notkun upplýsinga og samskiptataekni sé byggð á þekkingu, skilningi og jákvæðum viðhorfum. Kennrarar sem taka þátt í Skagafirði og á Siglufirði eru að endurnýja og aðlaga þekkingu sína að nýjum aðstæðum og nýjar kennsluhugmyndir eru að safnast á skólanetið. Samskipti og samvinna kennara innan og á milli skóla í skipulagningu og framkvæmd verkefna hefur gengið vel. Stýrihópurinn hittist reglulega á meðan á verkefninu stóð til þess að ræða framgang og stöðu þess. Ljóst er að markviss notkun upplýsingatækni, breytt námsumhverfi og aukin samskipti fela í sér breytingar á kennsluháttum.

Niðurstöður og mat

Með fræðslunni á tímabilinu eru kennrar komnir áleiðis með að tileinka sér gildi samvinnunáms en það er sú vinnuaðferð sem notuð hefur verið í skólanetsfræðslunni. Áhersla hingað til hefur þó frekar verið á að öðlast færni í tækninotkun en að ræða áhrif notkunar samskiptataekni á kennsluhætti. Áframhaldandi styrkur hefur fengist frá Próunarsjóði grunnskóla og á seinna stigi verður skólanámskrá í brennidepli og áhersla á að kennrarar beiti þeiri færni sem þeir hafa náð í tölvunotkun til þess að efla faglegt starf í skólam.

Kennaraháskóli Íslands

Náttúrufræðikennsla í 1.-3. bekk

Umsjón: Stefán Bergmann, lektor

Markmið

- að afla á skipulegan hátt reynslu af náttúrufræðikennslu í yngstu bekkjum grunnskólans á grundvelli hugmynda um nýja námskrá
- að skipuleggja áhugavekjandi og skemmtilegt nám með áherslu á nemandann, skilning hans, reynslu og umhverfi
- að byggja nám og kennslu á virkni nemenda við athuganir, einfaldar tilraunir og úrvinnslu
- að velja viðfangsefni sem stuðla að skilningi á því sem gerist í náttúrunni og hugtökum sem hana varða
- að örva þátttöku heimila í heimanámi nemenda í náttúrufræði
- að stilla saman starfsgetu KHÍ, grunnskóla og fleiri stofnana í sameiginlegu verkefni

Stutt lýsing

Samstarfsskólar Kennaraháskóla Íslands voru Hlíðaskóli, Laugarnesskóli, Mýrarhúsaskóli, Snælandsskóli og Öldutúnsskóli. Í upphafi var kynning og samráð á milli samstarfsaðila. Kennrarar við KHÍ önnuðust leiðsögn og aðstoð með heimsóknnum í viðkomandi skóla, þar sem fram fóru viðtöl við kennara og nemendur. Samstarf var einnig innan skólanna.

Yfirumsjón hafði Stefán Bergmann f.h. KHÍ, en aðrir þátttakendur frá KHÍ voru: Haukur Arason, Gunnhildur Óskarsdóttir og Hrefna Sigurjónsdóttir. Styrk Próunarsjóðsins var varið til að greiða umframvinnu kennara.

Einstök verkefni skólanna voru eftirfarandi:

- **Laugarnesskóli, 1. bekkur:** *Jörðin okkar.* Kennrarar voru Sigrún Birna Sigtryggsdóttir og Kristín Vilhjálmsdóttir.
- **Hlíðaskóli, 1.-2. bekkur:** *Birki- og reynitré.* Kennrarar voru Guðný Hilda Sigurðardóttir og Kolbrún Olgeirs dóttir.
- **Mýrarhúsaskóli, 1. bekkur:** *Jörðin, tunglið og sólin.* Kennari var Ingibjörg Þorvaldsdóttir.
- **Öldutúnsskóli, 3. bekkur:** *Hamarinn, svæði í nágrenni skóla.* Kennari var Kristín María Indriðadóttir.
- **Snælandsskóli, 3. bekkur:** *Tilraunir með loft.* Kennrarar voru Hugrún Gunnardóttir og Ragnheiður S. Gunnarsdóttir.

Niðurstöður og mat

Verkefnið er metið á grundvelli markmiða, skipulags, verkefna, dagbóka og viðtala. Margt má læra af þeirri reynslu sem fékkst og er ítarleg umfjöllun í lokaskýrslu, sem er væntanleg, en verkefninu er ekki að fullu lokið. Vinnugleði ríkti, athuganir, skráning, fjölbreytt verkefni, umræður og vettvangsferðir einkenndu vinnuna; reynsla nemenda og ímyndunarafl nutu sín vel. Skipulagning heimavinnu náði mislangt. Athyglisverður árangur náðist með nokkur ný viðfangsefni úr jarðvísindum og fjölbreytni í vinnubrögðum var lofsverð.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Stærðfræðiátak í grunnskónum Hafnarfjarðar

Umsjón: Magnús Baldursson og Guðný Helga Gunnarsdóttir

Veffang: <http://www.hafnarfj.is>

Markmið

- að efla stærðfræðikennslu í skónum í Hafnarfirði í þeirri von að það skili nemendum með jákvætt viðhorf til greinarinnar og nemendum sem eru færir um að takast á við hana með opnum huga og góðum árangri

Stutt lýsing

Um er að ræða tveggja ára átak sem hófst árið 1997 að frumkvæði skólanefndar Hafnarfjarðar í samráði við skólastjórnendur. Umsjón með verkinu hefur Guðný Helga Gunnarsdóttir, námstjóri. Skólaskrifstofan hefur haft samstarf við Kennaraháskóla Íslands og Freudenthalstofnunina í Hollandi varðandi faglega ráðgjöf. Átakið er margþætt og felst m.a. í eftirtöldum þáttum:

- námstjórn, fagstjórn og stuðningi við þróunarstarf innan einstakra skóla
- fræðslufundum, námskeiðum og leshópum
- gerð námsefnis og efnis til stuðnings kennurum við að breyta áherslum og kennsluháttum
- erlendum heimsóknum og fyrirlestrum um málefni stærðfræði-kennslu
- greiningu á stöðu stærðfræðikennslu og könnun á óskum skólamanna og heimila
- kynningum til foreldra og á milli skóla

Niðurstöður og mat

Ljóst er að hér er um langtíma verkefni að ræða. Megináhersla hefur verið lögð á menntun kennara og stuðning við fagstjóra í starfi. Á námskeiðunum hafa verið kynnt fyrir kennurum viðfangsefni, sem geta stuðlað að áherslu-breytingum í kennslu. Þar hefur einkum verið um að ræða viðfangsefni, sem hvetja til aukinnar umræðu um stærðfræði og viðfangsefni hennar, en í TIMMS rannsókninni kom fram að umræður eru mjög fátíðar í kennslustundum í stærðfræði hér á landi. Einnig hefur verið reynt að gera þrautalausnum góð skil, en það er einn af áhersluþáttum nýrrar aðalnámskrár.

Átaksverkefnið hefur fengið framhaldsstyrk úr Próunarsjóði grunnskóla.

Samlíf - samtök líffræðikennara

Safnverkefni fyrir „Líf í fersku vatni“

Umsjón: Jóhann Guðjónsson

Markmið

- að vinna og þróa verkefni í tengslum við sýninguna *Líf í fersku vatni* á Hólum í Hjaltadal

Stutt lýsing

Verkefnin voru tvíþætt, annars vegar fyrir grunnskóla og hins vegar fyrir ferðamenn, sem sækja staðinn á sumrin.

Verkefnin voru unnin af þátttakendum á námskeiðinu. Þau voru unnin með það sjónarmið í huga að sýningargestir gætu unnið verkefni á meðan gengið væri um sýninguna og í framhaldi af því. Vinna þátttakenda var fyrst og fremst fólgin í því að setja fram sem flestar hugmyndir, hvernig hægt væri að vinna úr þeim og koma með tillögur um notkun þeirra. Það væri svo Hólamanna að prófa þessi verkefni á þeim sem heimsækja staðinn.

Niðurstöður og mat

Þátttakendur komu fram með hugmyndir að fjortán verkefnum. Hólamenn hafa valið tíu af þeim til frekari úrvinnslu og verið er að reyna flest þeirra. Að mati Hólamanna gáfu þessi verkefni það góða raun og vöktu almenna hrifningu að ákveðið var að færa út kvíarnar. Samið var við Skólastrifstofu Skagafjarðar og fleiri aðila um að vinna fræðsluefnini í líffræði. Meðal annars kemur Sólrún Harðardóttir, sem unnið hefur að gerð kennsluefnis í líffræði við Kennaraháskóla Íslands, að þessari vinnu.

Smáraskóli í Kópavogi

Gerð gæðakerfis fyrir Smáraskóla – GÆSKA

Umsjón: Baldur Pálsson, Örn Alexandersson og Valgerður Snæland

Markmið

- að gæðakerfi skólans verði vottað samkvæmt ISO 9000 stöðlunum í lok verkefnisins á haustönn árið 2000

Stutt lýsing

Haustið 1995 var ákveðið að stefna að því að útbúa gæðakerfi fyrir Smáraskóla í samræmi við kröfur ISO 9000 staðlanna. Frá upphafi gerðu menn sér grein fyrir að um nokkurra ára verk væri að ræða. Síðastliðin tvö skólaár hefur hugmyndin um gæðastjórnun í skólastarfi verið kynnt starfsmönnum Smáraskóla og frá haustinu 1997 hefur verið unnið markvisst að gæðakerfinu. Með vottun gæðakerfisins telst það virkt í starfsemi Smáraskóla. Þá eiga eftifarandi þættir að vera fastir liðir í starfseminni og tryggja að skólinn standi við gæðastefnu sína:

1. stefna, markmið og hlutverk skólans
2. skipurit og starfslýsingar fyrir skólan
3. lýsingar á öllum gæðakröfum sem skólinn hefur skuldbundið sig til að mæta og hvernig hann mætir þeim
4. staðsetning eftirlitsaðila og lýsing á því eftirliti sem framkvæmt er þar ásamt lýsingum
5. verklagsreglur fyrir sjálfsmat – innra eftirlit og meðferð niðurstaðna matsins
6. lýsingar á einstökum aðgerðum, atburðum eða þáttum í starfi skólans í formi verklýsinga
7. virkt umbótastarf, þar sem starfsmenn vinna að hverju umbótaverkefninu á fætur örðru
8. gæðahandbækur fyrir Smáraskóla. *Skilgreiningar, stefnubók, verklagsreglur, starfsmannabók, verklýsingabók, foreldra- og nemendabók, fundabók, vörulýsingabók, prófabók, þjálfunarabók, eyðublaðabók, gæðaskrár, gæðakerfi, útskýringar, stefnuhluti, gæðahandbók og stöðumat*

Niðurstöður og mat

Verkefnið er í vinnslu en unnið hefur verið að öllum ofangreindum þáttum. Mikil hugmynda- og skilgreiningarvinna hefur verið unnin sem miðar að því að fella megi ISO 9000 staðalinn að skólastarfi. Öll meginferli eru nú þegar skilgreind og eftirlitsaðilar ákveðnir. Hluti gæðakerfisins er þegar í notkun, m.a. *starfsmannahandbók, eyðublaðabók og verklýsingabók* að hluta.

Framhaldstyrkur hefur verið veittur vegna þessa verkefnis úr Próunarsjóði grunnskóla.

Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri

Góður Skóli – GKS: Skólarýnir

Umsjón: Benedikt Sigurðarson

Veffang: <http://www.unak.is/Rha/rannsokn/index.html>

Markmið

- að leggja grunn að og þróa tæki til innra mats á skólastarfi er fullnægt getur opinberum kröfum sem um síkt gilda
- að tengja þekkingarhefðir og vinnuhefðir skólaþróunar og aðferðir og hugmyndafræði gæðastjórnunar í því skyni að styrkja fræðilegan grunn skólarannsókna og bæta árangur af skólastarfi

Stutt lýsing

Samstarfsskólar RHA í verkefninu voru Varmahlíðarskóli, Þelamerkurskóli, Síðuskóli og Glerárskóli. Í verkefnislýsingu er gengið út frá því að á tímaþáttinu frá desember 1997 til júní 1998 yrði lokið við tvö skref í vinnuferlinu sem í stórum dráttum eru á þessa leið:

1. skref: Skipulagning hjá RHA og undirbúningur í skólum.
2. skref: Fraðileg rannsókn um hvernig starfsemi skóla hefur verið metin fram að þessu. Fræðileg rannsókn um aðferðir gæðastjórnunar og notagildi hennar fyrir skólastarfsemi með áherslu á matsþáttinn. Í kjölfar vinnuverkefnisstjóra með verkefnisskjórum skólanna varð til fyrsta uppkast að skilgreiningu á gangverki skólangs og kortlagningu á því hvaða þættir hefðu eitthvert þekkt samhengi við árangur. Út frá þessu hefur síðan verið unnið sjálfsmatskerfi sem hlotið hefur vinnuheiðið *Skólarýnir*. *Skólarýnir* skiptir gangverki skólangs upp í þrjá meginþætti:
 - þættir sem snerta forsendur skólastarfs í meðfórum yfirstjórnar og túlkun skólastjóra á starfsskyldum sínum og vinnufyrimælum.
 - þættir sem snerta vinnubögð, viðhorf og skipulag í skóla.
 - Pættir sem varða árangur skólastarfs, annars vegar árangur nemenda og hins vegar þá ánægju sem nemendur og foreldrar láta í ljósi og það traust sem skólinn nýtur í nánasta samfélagi.

Niðurstöður og mat.

Prufuútgáfa af skólarýni liggar nú fyrir, sem ætlunin er að taka til notkunar og reynslu skólárið 1998-99 með samstarfsskólum en auk þess er gert ráð fyrir að bæta við fjórum nýjum skólum. Í upphafi skólaárs var gert ráð fyrir að allir þessir skólar hefðu í höndum möppur sem innihalda:

- umfjöllun um sjálfsmat og forsendur þess og tilgang
- umfjöllun um rannsóknarþekkingu skilvirkra skóla og hvernig hana má nýta til að beina sjónum að tilteknum þáttum í skólastarfi sem reynast mikilvægir í samspili skipulags, viðhorfa og starfsemi með tilliti til árangurs
- umfjöllun um tól og tæki gæðastjórnunar, um gæðastjórnun í menntun og samþættingu ólíkra vinnuhefða og um lýsingu á forsendum skólarýnis
- *Sjálfsmatskerfi, skólarýnir, gögn og vinnublöð, ásamt leiðbeiningum um notkun og stigagjöf*

Verkefnið hefur hlotið framhaldsstyrk út Próunarsjóði grunnskóla.

Grunnskólinn í Skútustaðahreppi

AGN - Aukin gæði náms

Umsjón: Jón Baldwin Hannesson, Rósa Eggerts dóttir og Rúnar Sigþórsson

Veffang: <http://rvik.ismennt.is/~rosa/agn/>

Markmið

- að vinna að gerð skólanámskrár og hafa í huga sjálfsmatsramma fyrir skólann við gerð hennar

Stutt lýsing

Skólaárið 1996-1997 veltu kennrarar því mjög fyrir sér hvernig hægt væri að standa að gerð skólanámskrár og sjálfsmatsramma fyrir Grunnskólann í Skútustaðahreppi.

Fengnr voru fulltrúar frá Skólastrifstofu Eyþings til aðstoðar. Niðurstaðan var að með samþykti skólanefndar og sveitastjórnar var sótt um að gerast þáttakendur í verkefninu „Aukin gæði náms - AGN“ sem fara átti af stað haustið 1997.

Leiðin sem valin var helgast af eðli þróunarverkefnisins AGN. Hún felst í því að allt starf skólans er skoðað og metið og leitast er við að innleiða markviss vinnubrögð. Stöðugt er reynt að hafa nemandann í brennidepli og reynt að átta sig á því hvernig hægt sé að sjá hvort unnið sé eftir stefnu skólans og námskrá þegar litíð er inn í kennslustofur, lesin skólastefna, skólanámskrá, kennsluáætlanir og aðrar áætlanir. Þróunarverkefnið AGN stendur í 2 ár og er því ekki komin lokaniðurstaða.

Verkefninu er skipt þannig í áfanga:

- skólaárið 1997-1998 var unnið að skólastefnu. Einnig voru kennsluaðferðir skoðaðar og vinnubrögð við stjórnun og valddreifingu.
- skólaárið 1998 – 1999 verður unnið við skólanámskrána, haldið áfram að skoða kennsluaðferðir og kennslufyrirkomulag.

Þó AGN-verkefninu ljúki formlega vorið 1999 er gert ráð fyrir að skólinn fái aðstoð til að halda áfram og ljúka við að gera sjálfsmatsramma veturinn 1999–2000.

Niðurstöður og mat

Stefna skólans liggur fyrir. Hún hefur verið kynnt rækilega og teknar hafa verið til greina athugasemdir starfsmanna, skólanefndar, foreldra og ráðgjafa skólans. Stefnan hefur verið gefin út og var henni dreift við skólaslit í maí 1998. Áætlanir stóðust og markmið vetrarins náðust. Tvær áfangaskýrslur hafa verið samdar á þessu skólaári og þeim skilað til Próunarsjóðs grunnskóla. Skýrslurnar eru fáanlegar í Grunnskóla Skútustaðahrepps, 660 Reykjavík.

Grunnskóli Siglufjarðar

AGN – Aukin gæði náms

Umsjón: Pétur Garðarsson

Markmið

- að stuðla að auknum gæðum náms og betra skólastarfi

Stutt lýsing

Í kjölfar viðamikillar úttektar á starfi Grunnskóla Siglufjarðar var ákveðið af bærar- og skólayfirvöldum á Siglufirði að skólinn tæki þátt í þróunarverkefninu AGNi, sem stendur fyrir aukin gæði náms. Í skýrslunni er m.a. umfjöllun um árangur á samræmdum prófum og ýmislegt sem tengist þeim. Má segja að staða skólans hafi orðið kveikjan að því að farið var af stað með úttekt á skólastarfinu. Í úttektarskýrslunni eru aðgerðar tillögur sem snúa annars vegar að skólanefnd og hins vegar að skólastjóra og kennurum.

Auk Grunnskólans á Siglufirði voru Dalvíkurkóli og Reykjahlíðarskóli í Mývatnssveit einnig þátttakendur í þessu verkefni. Starfið hófst með tveggja daga námskeiði sem halddið var í Hafralækjarskóla í Áðaldal í ágúst 1997. Þar voru auk þriggja ráðgjafa AGNsins svonefndar AGN þróunarstjórnir sem settar höfðu verið á fót í hverjum þáttökuskóla. Á fundinum voru lagðar línur fyrir starfið. Ákveðið var að AGN fundir yrðu haldnir reglulega á fundartíma kennara.

Niðurstöður og mat

Með AGN vinnunni hefur nú þegar mikið áunnist og hefur vinnan við heildarstefnu skólans og sameiginlega agastefnu greinilega þjappað starfsfólk skólans betur saman og bætt starfsandann og beina útkomu í skólastarfinu.

Brekkubæjarskóli og Grundaskóli Akranesi

Gerum góðan skóla betri

Umsjón: Helga Gunnarsdóttir

Markmið

- að skólarnir tileinki sér hugmyndafræði að baki sjálfsmati skóla eða stofnana. Það er að segja hinn fullkomni skóli er markmið sem ber að stefna að en næst aldrei í eitt skipi fyrir öll
- að vinna að því að með tímanum skapist viðmið fyrir skólastarf á Akranesi
- að skilgreind verði viðfangsefni sjálfsmatsins, þ.e.a.s. hvað á að meta, hvaða upplýsinga þarf að afla og til hverra er leitað
- að mótað verði vinnuferli matsins, þ.e.a.s. hvenær á að meta hvaða viðfangsefni

Stutt lýsing

Ákveðið var að skipa þriggja manna stýrihóp í hvorum skóla fyrir sig. Stefnt var að því að þeir væru fulltrúar breiðs hóps innan skólanna. Utanaðkomandi ráðgjöf var fengin og tók Ólafur H. Jóhannsson lektor við Kennaraháskóla Íslands það að sér. Á haustönn 1997 var markmiðið að auka þekkingu starfsmanna skólans á sjálfsmati og kveikja áhuga á verkefninu. Árgangafundir og kennrafundir voru nýttir og leitast við að auka eins lítið og hægt var fundaálag innan skólans. Um miðjan nóvember fór fram val á matsþáttum og forgangsröðun matsþáttu. Starfsfólk valdi sjálft matsatriðin í báðum skólum. Í desember var unnin framkvæmdaáætlun vegna vorannar. Það var mat stýrimanna og umsjónarmanns að markmið haustannar hefðu náðst, bæði hvað varðar þekkingu á sjálfsmati skóla og að glæða áhuga á verkefninu. Á vorönn voru skipaðir þriggja manna verkefnahópar um hvert verkefni og var einn meðlimur úr stýrihópi í hverjum verkefnahópi og stýrihóparnir höfðu eftir sem áður fulla yfirsýn yfir starfið og héldu um stjórnartaumana.

Matsverkefni Brekkubæjarskóla voru: 1. *Reglur og agi*, 2. *Stærðfræði á yngsta stigi* 3. *Félagslíf nemenda á mið- og ungingastigi*

Matsverkefni Grundaskóla voru: 1. *Líðan nemenda*. 2. *Hvernig kemur skólinn til móts við mikinn getumun nemenda?* 3. *Framkoma starfsfólks við nemendur*.

Við upplýsingaöflun var stuðst við spurningalista og viðhorfakannanir, dagbækur, athugun á fyrirliggjandi gögnum og viðtöl. Í báðum skólum náði matið til nemenda, foreldra og kennara. Ítarleg skýrsla liggur fyrir frá báðum skólum.

Niðurstöður og mat

Áætlað er að tvö ár fari í að ljúka verkefninu og til þess hefur verið veittur framhaldsstyrkur úr Próunarsjóði grunnskóla. Að fyrra árinu loknu er hægt að fullyrða að talsvert hefur áunnist í að efla umræðu meðal starfsfólks um nytsemi sjálfsmats skóla. Einnig hefur talsverð þekking orðið til innan beggja skólanna sem snýr að aðferðum og leiðum til þess að geta lagt mat á ýmsa þætti skólastarfsins.

Dalvíkurskóli

AGN – Aukin gæði náms

Umsjón: Þórunn Bergsdóttir

Markmið

- að meta stöðuna eins og hún er í skólanum
- að finna hvort um vandamál er að ræða og hvers eðlis það er
- að finna leiðir til að vinna á vandamálinu og ákvarða þá leið sem fara á
- að meta hvernig til hefur tekist

Stutt lýsing

Vorið 1997 sóttu Dalvíkurskóli ásamt Skólaþjónustu Eyþings um styrk til Próunarsjóðs grunnskóla. Styrkinn átti að nota til að hleypa af stað AGN-verkefni þar sem auka átti markviss vinnubrögð við skoðun á skólastarfinu. Tveir aðrir skólar koma að þessu verkefni og eru það Reykjahlíðarskóli í Mývatnssveit og Grunnskóli Siglufjarðar.

Stjórnendur verkefnisins af hálfu skólaþjónustunnar eru Jón Baldvin Hannesson, Rósa Eggerts dóttir og Rúnar Sigþórsson, en Rósa var ráðgjafi Dalvíkurskóla. Mynduð var fjögurra manna þróunarstjórn innan skólans. Í henni sátu tveir kennrarar, skólastjóri og aðstoðarskólastjóri. Hlutverk stjórnarinnar var að leiða verkefnið innan skólans.

Út frá þessum vinnubrögðum var ákveðið að athuga hvað kennrarar væru aðallega að hnjoða um í skólastarfinu. Það var gert með könnun meðal kennara og út frá því voru valin 3 atriði sem flestir nefndu, þ.e. *kennslu-
aðferðir, námskröfur og samskipti, aga og hegðun* og kosið um þau. Niðurstaðan var að fást við *samskipti nemenda, aga og hegðun*. Þá var staðan metin með spurningalistum, sem samdir voru af kennurum og yfirfarnir af þróunarstjórn og ráðgjöfum skólaþjónustunnar. Spurningalistar voru lagðir fyrir foreldra, nemendur og kennara.

Niðurstöður og mat

Í framhaldi af niðurstöðum var lögð áhersla á að ráð bót á því sem virtist ekki í nógu góðu lagi.

Í lok mars 1998 var byrjað með samvinnunám í Dalvíkurskóla. Allir kennrarar sátu á námskeiði í samvinnunámi hjá Rósu Eggerts dóttur og í framhaldi af því unnu kennrarar kennsluáætlanir í samvinnunámi og unnu samkvæmt þeim fram á vorið. Á tímabilinu frá mars til maí var í gangi leikjaátak í 1. - 7. bekk til að bæta samskipti nemanda í frímínútum. Erla Kristjánssdóttir frá KHÍ flutti fyrirlestur fyrir foreldra og kennara um aga í uppledji barna. Um mánaðamót maí-júní komu Rósa Eggerts dóttir og Jón Baldvin Hannesson og fluttu erindi fyrir kennara skólans um virkni í námi og forystu í grunnskólam.

Í lok skólaársins var síðan tekin ákvörðun um að halda áfram næsta haust að sinna þessum þáttum, þ.e. bættum samskiptum nemenda.

Kennaraháskóli Íslands

Stærðfræðinám á tímamótum

Umsjón: Anna Kristjánsdóttir

Veffang: <http://www.khi.is/~ak>

Markmið

- að búa til starfsramma og leiðsagnarform sem unnt er að nota í samstarfi og stuðningi við kennara/skóla sem hyggjast gera sérstakt átak í stærðfræðikennslu og vilja nýta tölvu- og upplýsingatækni
- að fjölga hæfum leiðsagnarkennurum á þessu sviði sem hafi sterkt tengsl við vettvang skólanna og að starf þeirra geti einnig nýst við vettvangsnað kennaranema

Stutt lýsing

Með aukinni umræðu um stærðfræðinám, m.a. í kjölfar TIMSS rannsóknarinnar, kemur skýrt í ljós að ýmsir skólar og fræðsluumdæmi hafa hug á því að gera umbætur á þessu sviði. Ljóst er hins vegar að mikill skortur er á hæfum ráðgjöfum fyrir þessa skóla til þess að fjalla um mikilvæga þætti og að opna kennurum aðgang að lesefni og frekari umfjöllun um stærðfræðinám í upplýsingasamfélagi. Í verklýsingu var gert ráð fyrir að nýttar yrðu margvíslegar heimildir úr þróunarstarfi með skólum, kennarahópum eða einstökum kennurum undanfarin ár en að einnig yrði sett af stað sérstök vinna með nokkrum skólum sem áhuga hefðu á að gefa stærðfræðinámi sérstakan gaum. Styrkurinn hefur verið nýttur til þess að gera kleift að vinna með bæði einstökum skólum og hópi einstakra kennara. Þá hefur verið unnið úr fyrirliggjandi gögnum vegna endurmenntunarnámskeiða og þróunarverkefna með skólum.

Niðurstöður og mat

Í áfangaskýrslu er að finna nánari lýsingu á því sem unnið hefur verið með en leiðsagnarhefti með mynddæmum er fyrirhugað að komi út skólaárið 1999-2000.

Verkefninu er ekki lokið.

Hrafnagilsskóli, Oddeyrarskóli og Laugarbakkaskóli

Þróun og aðhæfing tækja til sjálfsmats skóla

Umsjón: Guðmundur Þór Ásmundsson

Verkefnið hefur ekki gengið samkvæmt áætlun. Talsverð vinna hefur þó farið fram í öflun efnis, við þýðingar og aðhæfingu valdra viðmiða og gerð tölvugrunns. Ekki er ljóst hvert framhaldið verður.